

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,

Héraðssaksóknari gerir þá athugasemd við ofangreinda tillögu að hún varðar breytingu á embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins en það embætti var lagt niður með lögum samþykktum á Alþingi þann 20. apríl síðastliðinn. Verkefni embættisins voru að mestu færð undir embætti ríkisskattstjóra þó þannig að ríkisskattstjóri skipar skattrannsóknarstjóra sem ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri sérstakrar einingar innan skattsins sem fer með rannsókn skattalagabrota, ákvörðun sekta í umboði ríkisskattstjóra og önnur verkefni sem ríkisskattstjóri felur honum.

Lögin voru sett til að bregðast við athugasemdum og niðurstöðum í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu í málum sem vörðuðu meðferð refsímála vegna skattalagabrota.

Skammt er síðan að lögin tóku gildi 1. maí sl. og því ekki komin reynsla á framkvæmd þeirra.

Héraðssaksóknari telur því ástæðu til þess að nefnd tillaga til þingsályktunar verði að minnsta kosti löguð að þeirri lagabreytingu sem áður greinir og breyttri stöðu skattrannsóknarstjóra.

Með kveðju,



Héraðssaksóknari
District Prosecutor

Ólafur Þ. Hauksson

Héraðssaksóknari

Sími / Phone: +354-444-0150

Netfang / e-mail: olafur.hauksson@hersak.is

Fyrirvari við tölvupóst / e-mail disclaimer

<http://www.hersak.is/um/um-abvrad-a-tolvuposti/>